



Nefndasvið Alþingis  
Þórunn María Bjarkadóttir nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/1727*  
*komudagur 10.3.2008*

Seltjarnarnesi, 6. mars 2008  
2008020147/91/SG/gh

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á réttindum og stöðu líffæragjafa**

Með þessu máli hreyfa þingmennirnir fimm mjög þörfu máli. Eins og fram kemur í greinargerð þingmannanna eru um 70% nýrna sem flutt eru í Íslendinga tekin úr lifandi gjöfum og er það hlutfall mjög hátt. Ekki þarf að ræða um þá erfiðleika og álag sem fylgir því að undirgangast aðgerð þar sem nýra er fjarlægð. Réttindi þeirra, sem gefa nýra sitt á þennan hátt, venjulega til náinna aðstandenda, eru hins vegar óljós hér. Vissulega er undirbúningur aðgerðar og hún sjálf líffæragjöfum að kostnaðarlausu. Hins vegar fylgir oft talsvert vinnutap aðgerðinni eins og nærri geta og eru launþegar háðir velvilja vinnuveitenda, en sjálfstæðir atvinnurekendur tapa tekjum sínum að öllu leyti. Sjúkradagpeningar eru yfirleitt ekki nema brot af launum.

Ástæða er til að fara nánar í saumana á þessu máli, sem hefur verið til umræðu innan heilbrigðisþjónustunnar um nokkra hríð. Því er eindregið mælt til þess að tillaga þessi nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson  
landlæknir